



Föstudagurinn 10. febrúar 2006

Ákvörðun nr. 7/2006

## **Samruni Pennans hf. og Bókabúðar Keflavíkur ehf.**

### **1.**

Þann 9. desember 2005 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem fram kemur að Penninn hf. hafi keypt verslunarrekstur Bókabúðar Keflavíkur ehf. Framsetning samrunaskrárinnar tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna<sup>1</sup>. Samrunaskránni fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 5. desember 2005. Þá fylgdu skránni einnig ýmis gögn, s.s. tölulegar upplýsingar og samstarfssamningar Pennans við ýmis smásölufyrirtæki á bókum og skrifstofuvörum. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 6. janúar 2006, tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 18. gr. samkeppnislaga.

### **2.**

Í tilkynningunni kemur fram að Penninn sé verslunarfyrirtæki á sviði skrifstofuvara, skólavara og afþreyingar. Félagið reki bæði smásöluverslun og heildsölu. Félagið leggi áherslu á heildarlausnir fyrir skrifstofur og skólastarf og hafi því á boðstólum m.a. skrifstofuvörur, skrifstofuhúsgögn, tölvur og tölvutengt efni en á sviði afþreyingar selji fyrirtækið bækur, tímarit, blöð, spil, leiki, myndbönd, geisladiska, ýmsar gjafavörur o.fl. Um Bókaverslun Keflavíkur segir að verslunin hafi aðallega haft á boðstólum bækur, ritföng, rekstrarvörur fyrir skrifstofur og gjafavörur.

Í tilkynningunni kemur fram að markmið Pennans með kaupum á Bókabúð Keflavíkur sé að bæta rekstur Pennans og bjóða viðskiptavinum félagsins betri þjónustu. Rekstur Bókabúðar Keflavíkur falli vel að rekstri Pennans og sé það mat forsvarsmanna Pennans að ná megi jákvæðum samlegðaráhrifum með kaupunum.

### **3.**

Af upplýsingum sem fram koma í tilkynningunni er ljóst að samlegðaráhrifa samrunans mun fyrst og fremst gæta við smásölu á bókum, tímaritum og skrifstofuvörum. Ljóst er að staða Pennans er almennt mjög sterk á þeim sviðum viðskipta. Hins vegar eru samlegðaráhrif samrunans óveruleg þar sem Bókabúð

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Keflavíkur starfar á litlum landfræðilegum markaði þar sem Penninn starfrækir ekki aðrar bóka- eða ritfangaverslanir. Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat eftirlitsins að ekki sé næg ástæða til að hafast frekar að vegna kaupa Pennans á Bókaverslun Keflavíkur á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

**Ákvörðunarorð:**

**„Með kaupsamningi, dags. 5. desember 2005, keypti Penninn hf. verslunarrekstur Bókabúðar Keflavíkur ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson